

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Árna M. Mathiesen“, 32
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. febr. 1948. 17. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna M. Mathiesen, er andaðist 8. apríl 1946.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna M. Mathiesen.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 27. júlí 1947 með gjöf, er frú Svava E. Mathiesen afhenti barnastúkunnni Kærleiksbandið nr. 66, samkv. bréfi, dags. 27. júlí 1947, að upphæð kr. 12000.00.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Tveimur kjörnum af forráðamönnum barnastúkunnar, en frú Svava E. Mathiesen skal eiga sæti í henni meðan hennar nýtur við, og eftir hennar dag skal ætíð einhver náinn afkomandi eða ættingi Árna M. Mathiesen eiga sæti í henni, í samráði við stjórn barnastúkunnar.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, sem efla vilja vöxt hans og styðja tilgang hans. Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra o. fl., ef óskað er.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla starfsemi barnastúkunnar Kærleiksheimilið nr. 66 í Hafnarfirði, og ræður framkvæmdanefnd stúkunnar hvernig það er bezt gert.

6. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða, nema beinan kostnað við stofnun sjóðsins, svo sem prentunarkostnað o. fl., þar til hann er orðinn 20000 krónur. Þá má veita úr honum árlega allt að helmingi ársvaxta, en þegar sjóðurinn er orðinn 40000 kr. má verja úr honum allt að þremur fjórðu hlutum ársvaxta. Einn fjórða hluta ársvaxta, og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða, heldur leggjast þær upphæðir við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána. Einnig skal færa í hana fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig ber stjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld ásamt ársreikningi sjóðsins. Henni ber einnig að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og ber gjaldkera að skila reikningum yfir tekjur hans og gjöld fyrir janúarlök ár hvert, og skal endurskoða þá og úrskurða af gæzlumanni barnastúkunnar.